

Sp.

147. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1969.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hóf störf sín og athugun á fjárlagafrumvarpinu þegar á fyrstu dögum þingsins. Alls hefur nefndin rætt málið á 35 fundum, en auk þess hafa nefndarmenn í sumum tilfellum heimsótt stofnanir í því skyni að kynna sem best þeim vandamálum, sem við er að etja. — Þá hefur nefndin einnig haft til athugunar og afgreiðslu fjölmörg erindi sem henni hafa borizt frá ýmsum aðilum.

Við athugun sína á fjárlagafrumvarpinu naut nefndin aðstoðar hagsýslustjóra, dr. Gísla Blöndals, en hann veitti nefndinni margvíslegar upplýsingar og aðstoð við afgreiðslu málsins.

Enn sem komið er hefur nefndinni ekki unnizt tími til að ljúka að fullu afgreiðslu sinni á nokkrum liðum frumvarpsins. Má þar m. a. nefna stofnkostnað við skólabyggingar, framlög til nýbyggingar hafna, eftirlaun, heiðursstyrki o. fl., auk einstakra erinda annarra. Bíður afgreiðsla þeirra til 3. umræðu.

Um heildarafgreiðslu fjárlagafrumvarpsins náðist ekki samkomulag innan nefndarinnar. Varðandi breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar skal það þó tekið fram, að minni hlutinn stendur einnig að samþykkt flestra þeirra tillagna, sem gerðar hafa verið, að öðru leyti en því, sem er bein afleiðing gengislækkunarinnar. Þeir munu því skila séráliti.

Eins og fram kemur í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið, vantaði enn mikið á, þegar frumvarpið var samið, að lokið væri nauðsynlegum athugunum á hagatvinnuveganna og rekstrarlegri aðstöðu þeirra. Í frumvarpinu er því aðeins gert ráð fyrir þeim fjárveitingum til atvinnuveganna, sem eru til jafns við það, sem er í fjárlögum yfirstandandi árs, en þá var, sem kunnugt er, vandi atvinnuveganna leystur með lögum, sem fólu í sér sérstakar ráðstafanir sjávarútveginum til handa.

Með tilkomu gengislækkunarinnar 15. nóvember s. l. raskaðist allur grundvöllur fjárlagafrumvarpsins, og var því óumflýjanlegt að endurreikna flesta liði frumvarpsins. Við þann endurreikning var stuðzt við eftirfarandi meginreglur:

1. Laun hækka um 1.5%, en það er sú upphæð, sem á vantaði til þess að mæta þeirri launahækkun, sem átti sér stað 1. des. s. l.
2. Önnur rekstrargjöld hækka um 35%, en með því eru metin hlutföll innlands og erlends kostnaðar.
3. Viðhald hækkar um 20% á sama hátt og að ofan getur.
4. Gjaldfærður stofnkostnaður er almennt látinn haldast óbreyttur, þó er um að ræða nokkrar undantekningar, svo sem byggingar menntaskóla, og gera má ráð fyrir, að nefndin beri fram tillögur við 3. umr. málsins, sem fela í sér verulegar hækkanir á fjárveitingum til nýbygginga skóla og hafna.
5. Yfirfærslur: Þar er gert ráð fyrir óbreyttum upphæðum, nema með nokkrum undantekningum, sem sérstaklega stendur á um. Er það einkum þegar fjárveitingum er ætlað að standa undir erlendum kostnaði. Til dæmis hækka framlög til íslenzkra námsmanna um rúml. 13 millj. króna, til Landhelgisgæzlu vegna erlendra skulda um 8.5 millj. króna og til byggingarsjóðs síldarleitarskips um rúml. 2 milljónir króna.
6. Liðir fjármagnaðir með fyrir fram ráðstöfuðum tekjustofnum breytast í samræmi við breytta tekjuáætlun. Má þar nefna tekjur og gjöld vegasjóðs. Í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið var tekið fram, að þar sem vegáætlun lægi ekki fyrir, væru tölur varðandi vegagerð einfaldlega byggðar á áætlun um tekjur vegasjóðs og útgjöldum skipt í því sem næst sömu hlutföllum og á fjárlögum 1968. — Við endurskoðun tekjuáætlunarinnar hefur verið gert ráð fyrir minnkunum tekjum vegasjóðs, einkum vegna minni bifreiðainnflutnings, og eru út-

gjöld vegagerðar lækkuð í samræmi við það. Hins vegar má gera ráð fyrir, að þessar tölur breytist, þegar vegáætlun árána 1969—1972 verður afgreidd frá Alþingi.

7. Vextir og afborganir lána hækka til samræmis við breytt gengi og innlent verðlag varðandi vísitölutryggð lán, þar sem slíkt á við.
8. Tekjur stofnana í A-hluta af seldri þjónustu og þ. h. eru í flestum tilfellum óbreyttar.

Varðandi tekjubálg frumvarpsins eru tillögur meiri hluta nefndarinnar byggðar á upplýsingum frá Efnahagsstofnuninni og þá stuðzt við þjóðhagsspá stofnunarinnar fyrir árið 1969, sem er við það miðuð, að ekki eigi sér stað launahækkunir á því ári.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar við gjaldabálg frumvarpsins:

Um 1 01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið.

Launaliður aðalskrifstofunnar (101 0 10) hækkar um 72 þús. og önnur rekstrargjöld (0 20) um 42 þús. kr. vegna flutnings í nýtt húsnæði. — Vegna fjölgunar bekkjardeilda er lagt til að hækka launalið Menntaskólans á Akureyri (302 0 10) um 200 þús., Menntaskólans við Hamrahlíð (304 0 10) um 230 þús. og Kennarskólans (321 0 10) um 880 þús. Fjárveiting til menntaskólanna á Akureyri, á Laugarvatni og við Hamrahlíð hækkar samtals um 7 100 þús. vegna gjaldfærðs stofnkostnaðar. Enn fremur er lagt til, að gjaldfærður stofnkostnaður Kennarskólans (321 0 80) hækki um 140 þús. vegna kaupa á eðlis- og efnafræðitækjum. — Bifreiða- og ferðakostnaður Fræðslumálaskrifstofunnar (401 0 20) var vegna mistaka vanreiknaður um 50 þús. Fjárveiting til framkvæmdar sundskyldu í skólum (401 12) hækki um 370 þús. — Launaliður Hjúkrunarskóla Íslands (521 0 10) hækki um 1 471 þús. vegna nýrra hjúkrunarnema. — Önnur rekstrargjöld Myndlistar- og handíðaskólans (561 0 20) hækki um 24 þús. vegna leigu á viðbótarhúsnæði, viðhald (0 27) um 50 þús. og gjaldfærður stofnkostnaður (0 80) um 100 þús. — Lagt er til að veita Vistheimilinu í Breiðuvík (701) 100 þús. vegna stofnkostnaðar. — Framlag til Lánasjóðs íslenzkra námsmanna (772) hækki um 13 007 þús. Er hækkunin byggð á því, að raunverulegt verðgildi ríkissjóðsframlagsins haldist, og auk þess er gert ráð fyrir aukningu námsaðstoðar. Erlendi hlutinn er hækkaður um 54.4%, en innlendi hlutinn um 18%. — Nauðsynlegt er að veita til viðhalds á húsi Þjóðminjasafnsins (803 0 27), einkum vegna lélegs hitakerfis í húsinu, 768 þús., en að öðrum kosti er hætt við skemmdum á munum safnsins. — Launaliður Listasafns ríkisins (808 0 10) hækki um 165 þús. vegna launa ritara hjá safninu. — Framlag til Barnamúsíkskólans (882 03) hækki um 25 þús. — Bandalag íslenzkra myndlistarmanna (882 16) hljóti 300 þús. vegna tekjumissis vegna niðurrifs Listamannaskólans við Austurvöll. — Framlag til vísinda- og fræðimanna (883 03) hækki um 150 þús. — Framlag Íslands til Norræna hússins (884 51) hækki um 707 þús. vegna nýrrar áætlunar. — Á liðnum ýmislegt (899) er gjaldfærði stofnkostnaðurinn (0 80) vegna Reykholtstaðar (48). Aðrir nýir liðir eru: Vegna Ólympíuleikanna í Mexíkó 200 þús. (43), til Northern Scholars Committee, Edinborg, sem Ísland er aðili að, 32 þús. (44), til norræns yrkisskólalæðings á Íslandi 100 þús. (45), til minnisvarða um Guðmund góða 25 þús. (46), til minnisvarða um Ara fróða 25 þús. (47), vegna námskeiða fyrir blaðamenn 100 þús. (49), til Skíðaskólans í Kerlingarfjöllum 100 þús. (50) og til Skáksambands Íslands vegna Ólympíuskákmótsins í Lugano í Sviss 50 þús. (51).

Um 1 02 Utanríkisráðuneytið.

Gerðar eru tillögur um tvær orðalagsbreytingar að ósk ráðuneytisins, þannig að liður 309 verði að yfirskrift: Sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismannsskrifstofa Íslands í New York. Sömuleiðis breytist yfirskrift liðarins 310 og verður: Sendinefnd Íslands hjá NATO og sendiráð Íslands í Brussels.

Um 1 03 Atvinnumálaráðuneytið.

Gjaldfærður stofnkostnaður Landgræðslunnar (235 0 80) hækki um 1 700 þús. vegna áburðarkaupa í sömu hlutföllum og leiddi af gengisbreytingunni 1967. — Sjávarútvegur, framlög (386), framlag til togara, 40 000 þús., er lagt til, að fellt verði niður. Er það í beinu sambandi við ákvæði um ráðstöfun á gengishagnaði, sbr. frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

Um 1 04 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Vegna viðhalds á bústað sýslumannsins og bæjarfógetans á Ísafirði (217 0 27) hækki liðurinn um 207 þús. — Vegna löggæzlu (282) við Búrfell hækki launaliður (0 10) um 90 þús. og önnur rekstrargjöld (0 20) um 90 þús. — Framlag til Landsspítalans (371) er hækkað um 1 617 þús. vegna kaupa á efni, sem notað er vegna meðferðar nýrnasjúklinga. — Kostnaður vegna sérstakrar byggingar vegna hávolta-geislunar mun nema 2 500 þús. og er liður (0 91) hækkaður í samræmi við það. — Ríkisspítalar (liðir 371—376): Til þess að mæta kostnaðarhækkunum er gert ráð fyrir 16.1% hækkun daggjalda og annarra tekjuliða ríkisspítala. Svarar það til þess, að framlög ríkissjóðs verði óbreytt í heild, enda þótt þau breytist til einstakra ríkisspítala. Hér er hins vegar um bráðabirgðaákvæði að ræða, þar sem daggjöld hafa ekki enn verið ákveðin, og þá gert ráð fyrir, að endanlegar tillögur liggi fyrir við 3. umræðu málsins. — Til fávítahælisins í Kópavogi verði veitt vegna húsgagnakaupa 400 þús. (376 0 91). — Liðurinn: Til sjúkrahúsa o. fl. (381) hækkar um 5 498 þús. og vísast til skiptingar til sjúkrahúsanna á sérstöku yfirliti. — Vegna mistaka hjá ráðuneytinu hafði styrkur til heilsuverndarstöðva (381 06) verið vanreiknaður um 1 050 þús., en það er hluti ríkissjóðs af rekstrarkostnaði heilsuverndarstöðvanna. Hefur þetta verið leiðrétt, og enn fremur er gert ráð fyrir, að veitt verði á þessum lið til kaupa á lungnaröntgenmyndataeki fyrir berklavarnardeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur 300 þús. Er gert ráð fyrir, að þetta sé fyrsta greiðsla af þremur, er ríkissjóður greiði vegna síns hluta. — Byggingarstyrkur til heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands (399 28) verði 320 þús. eins og á yfirstandandi ári. — Liðirnir (401 23 og 24) voru of lágt reiknaðir af vangá. Af sömu ástæðu féll niður styrkur til Hallgrímskirkju í Saurbæ 25 þús. (28). — Á liðnum Bindindisstarfsemi (981 06) er gert ráð fyrir 50 þús. vegna norræns bindindisþings í Reykjavík á árinu 1969.

Um 1 05 Félagsmálaráðuneytið.

Tryggingastofnun ríkisins (270): Framlagi til almennatrygginga er gert ráð fyrir, að skipt verði með sérstökum lögum. Hér eru teknar inn 90 000 þús., sem er áætlaður hluti ríkissjóðs vegna fyrirheits ríkisstjórnarinnar um 150 000 þús. hækkun á hótum almennatrygginga. Ekki hefur endanlega verið gengið frá skiptingu þessa fjár á einstakar tegundir bóta, en það mun verða gert með sérstökum lögum. — Tryggingastofnun ríkisins (271): Eins og að framan segir, hefur ekki endanlega verið gengið frá daggjaldamálum sjúkrahúsa, og er því hér til bráðabirgða gert ráð fyrir 16.1% hækkun, en það er sama hlutfallshækkun og á gjöldum ríkisspítalanna. — Sveitarfélög, framlög (699): Vegna kostnaðarhækkana, einkum á afborgunum og vöxtum vatnsveitunnar í Vestmannaeyjum, er talið óumflýjanlegt að hækka framlag til vatnsveitna (02) um 2 500 þús. — Lagt er til, að veittar verði 50 þús. til aukningar vatnsmagns í Tungulæk í Rangárvallasýslu (699 03), en nægilegt vatnsmagn er forsenda þess, að rafstöð, sem þar er, komi að notum. — Framlag til Bjargráðasjóðs (972) hækki um 3 000 þús. vegna væntanlegrar lagabreytingar um sjóðinn. — Áætlað er, að unnt reynist að hækka framlag ríkissjóðs til Atvinnuöfnunar-sjóðs um 50 000 þús., þar af er áætlað að verja allt að 30 000 þús. til aðstoðar við frystihús, sem sérstaklega stendur á um. — Á liðnum Ýmis framlög (999) er lagt til, að framlög til elliheimila hækki um 60 þús. (02), framlag til sjúkraflugs um

125 þús. (08) og veittir verði byggingarstyrkir til Blindrafélagsins 120 þús. (51), Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, 1 500 þús. (52) og Bandalags íslenzkra skáta 100 þús. (53).

Um 1 06 Fjármálaráðuneytið.

Launaliður embættis ríkisskattstjóra (201 0 10) hækki um 2 500 þús. vegna fjölgunar á starfslíði í skattrannsóknardeild. — Launaliður embættis tollstjórans í Reykjavík (261 0 10) er hækkaður umfram venjuleg 1.5%, eða um 666 þús., en vegna mistaka höfðu laun verið lækkuð of mikið. — Launaliður tollgæzlunnar í Reykjavík (262 0 10) hækki af sömu orsökum og hjá tollstjóranum í Reykjavík.

Um 1 07 Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið.

Bygging strandferðaskipa (321): Hækkun vegna verðtryggingarákvæða í byggingarsamningi nemur 6 000 þús. og byggingarstyrkir til flóabáta (04) hækki um 983 þús. vegna gengisbreytingarinnar. — Veðurstofunni verði veittar 150 þús. vegna hafisrannsóknna (352 12). — Flugmálastjórn (371): Hækkun útgjaldaliða er byggð á sérstakri rannsókn á kostnaðarsamsetningu flugmálastjórnar. Gert er ráð fyrir 20% hækkun lendingargjalda á Reykjavíkurflugvelli. Framlag til fjárfestingarframkvæmda hækki um 10 000 þús., og mun ekki verða um lánsfjáröflun að ræða á framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1969. — Lagt er til, að bætt verði við nýjum lið: 582 Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, og veittar verði til starfsemi hans 600 þús.

Um 6. gr.

Lagt er til að veita eftirtaldir heimildir: Að selja áhaldaskemmu Vegagerðar ríkisins á Höfn í Hornafirði. Hér er um að ræða gamla skemmu, en Vegagerðin á nýja skemmu þar. — Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af tækjum, sem gefin verða til mannúðar- eða líknarstarfsemi. Gert er ráð fyrir, að endurgreiðsluheimildin nái ekki til innflutnings, sem eldri er en frá árinu 1968, og að fjármálaráðuneytið setji nánari reglur um endurgreiðslur þessar. — Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af vatnsleiðslurörum, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur flutt til landsins til lagningar neðansjárvar. — Að fella niður toll og söluskatt af tækjum, sem keypt verða fyrir styrk þann, sem Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum hefur hlotið til greiðslu kostnaðar við rannsóknir í erfðafræði og lífefnafræði gerla. — Að ábyrgjast lán að fjárhæð 1 000 þús. til greiðslu lausaskulda vegna byggingar Umferðamiðstöðvar í Reykjavík. — Að leyfa póst- og simamálastjórninni: 1) að selja húseign stofnunarinnar að Ennisbraut nr. 1 í Ólafsvík ásamt tilheyrandi lóðarréttindum; 2) að selja gamla húseign á Bildudal til niðurrifs og brottflutnings af lóð póst- og síma; 3) að selja gamla húseign stofnunarinnar ásamt eignarlóð á Djúpavík í Árneshreppi, ef viðunandi boð fást. Gert er ráð fyrir, að söluverð hússins í Ólafsvík gangi upp í kostnað við byggingu nýs húss póst- og síma á staðnum. Á Djúpavík er starfsemin flutt úr húsinu, og mun ekki svara kostnaði að gera við húsið. Ekki svarar kostnaði að flytja húsið á Bildudal á nýjan byggingarreit, en nýtt hús hefur verið tekið í notkun á staðnum.

Varðandi einstök fyrirtæki og stofnanir í B-hluta fjárlagafrumvarpsins hefur nefndin þann fyrirvara á, að ekki var í öllum tilfellum unnt að kanna til fulls þær breytingar, sem gera þarf vegna gengislækkunarinnar.

Tillögur um fjárveitingu til flóabáta og vöruflutninga mun samvinnunefnd samgöngumála flytja á sérstöku þingskjali, svo sem venja er.

Alþingi, 11. des. 1968.

Jón Árnason, Birgir Finnsson, Sverrir Júlíusson.
form., frsm. fundaskr.

Gunnar Gíslason, Matthías Bjarnason.